

# Reglur um sérstakar húsaleigubætur í Svalbarðsstrandarhreppi

## 1. gr. Tilgangur

Sérstakar húsaleigubætur eru ætlaðar einstaklingum og fjölskyldum sem félagsleg aðstoð til að sjá sér fyrir húsnæði sökum lágra launa, þungrar framfærslubyrðar og/eða annarra félagslegra erfiðleika.

Sérstakar húsaleigubætur er fjárstuðningur til greiðslu húsaleigu umfram almennar húsaleigubætur.

## 2. gr. Skilyrði fyrir því að umsókn verði metin gild

Uppfylla þarf öll skilyrði almennra húsaleigubóta og eftirtalin skilyrði:

- a) Hafa náð 18 ára aldri.
- b) Hafa ekki greiðslugetu til að kaupa sér íbúð á almennum markaði.
- c) Eiga við félagslega erfiðleika að stríða vegna heilsufars, skertrar vinnugetu, fjölskylduáðstæðna, fjölda barna, atvinnumissi eða annarra sérstakra ástæðna.
- d) Uppfylla skilyrði um eigna- og tekjumörk sem byggð eru á reglugerð nr. 873/2001 um lánveitingar til leigufjúða, ráðstöfun þeirra og rekstur.
- e) Húsaleiga þarf að vera hærri en 35.000,- kr. á mánuði.
- f) Eiga lögheimili í Svalbarðsstrandarhreppi.

## 3. gr. Fjárhæðir

Sérstakar húsaleigubætur eru reiknaðar á sama hátt og almennar húsaleigubætur en fjárhæðir og tekjumörk eru lægri, þannig að í grunnbætur eru greiddar 8.500 kr. og 10%, að hámarki 3.000 kr., fyrir bilið 35.000 kr. til 65.000 kr. í leigufjárhæð. Fyrir fyrsta barn undir 18 ára aldri eru greiddar 6.500 kr., fyrir annað barn undir 18 ára aldri eru greiddar 3.500 kr. og fyrir þriðja barn undir 18 ára aldri eru greiddar 2.500 kr. Sérstakar húsaleigubætur skerðast, óháð fjölskyldustærð um 1,35% af árstekjum umfram 2 milljónir króna. Almennar húsaleigubætur og sérstakar húsaleigubætur samanlagt geta aldrei numið hærri fjárhæð en samtals kr. 70.000, kr. og aldrei farið yfir 60% af leigufjárhæð. Eignamörk sbr. gr. 2 d) eru 3.625.000 kr. miðað við janúar 2009 og miðast við heildareign að frádregnum heildarskuldum skv. síðasta staðfesta skattframtali.

#### **4. gr.**

### **Upplýsingar um aðstæður**

Viðtakandi sérstakra húsaleigubóta **skal gera grein fyrir öllum breytingum** sem verða á aðstæðum hans og kunna að hafa áhrif á umsókn og mat á henni. Heimilt er að krefjast endurgreiðslu á sérstökum húsaleigubótum hafi umsækjandi fengið þær ranglega greiddar.

#### **5. gr.**

### **Endurskoðun greiðslna sérstakra húsaleigubóta**

Viðtakandi sérstakra húsaleigubóta verður að fullnægja öllum skilyrðum 2. gr. Ef skilyrðum er ekki lengur fullnægt verður greiðslu sérstakra húsaleigubóta hætt.

#### **6. gr.**

### **Endurnýjun á umsókn**

Endurnýja skal umsókn um sérstakar húsaleigubætur fyrir hvert almanaksár, um leið og endurnýjun almennra húsaleigubóta á sér stað.

#### **7. gr.**

### **Málsmeðferð**

Meðferð máls er skv. ákvæðum XVI. og XVII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og ákvæði laga um húsaleigubætur nr. 138/1997.

Sé umsókn hafnað skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan í viðeigandi ákvæði þessara reglna og annarra viðeigandi reglna. Telji umsækjandi á rétt sinn hallað hefur hann fjögurra vikna frest til að vísa máli sínu til félagsmálanefndar frá því honum barst vitneskja um ákvörðun sveitarstjóra. Félagsmálanefnd skal fjalla um áfrýjun og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er. Ákvörðun félagsmálanefndar skal kynnt umsækjanda tryggilega og um leið skal honum kynntur réttur hans til málskots til úrskurðarnefndar félagsþjónustu í félagsmálaráðuneytinu.

Umsækjandi getur skotið ákvörðun félagsmálanefndar til úrskurðarnefndar félagsþjónustu. Skal það gert innan fjögurra vikna frá því umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun félagsmálanefndar.

#### **8. gr.**

### **Gildistaka**

Reglur þessar taka gildi 1. desember 2009.

Samþykkt í sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps 8. desember 2009